

3. 2,50 kr. á reiknaða árskú, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri fullmjólka kú rann-sakað minnst sex sinnum á ári hverju. 27

Styrkurinn borgist eftir á, þegar félagið hefir sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslur, er sýni fóðureyðslu fyrir hverja einstaka kú og ársnyt hennar, byggða á viku- legum athugunum og í því formi, er Búnaðarfélag Íslands krefst og nánar skal tekið fram í reglugerð. 12. júní

2. gr.

d.-liður 43. gr. laganna orðist svo:

Hve margt kynbótafé hver félagsmaður hafi, og má samanlögð ætala félagsins ekki vera lægri en 50 og enginn einn maður eiga meira en helming af kynbótafé þess.

3. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Auk þess getur landbúnaðarráðherra styrkt 8 sauðfjárræktarbú, tvö í hverjum fjórðungi, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, með allt að 600 kr. hvert, þó ekki yfir $\frac{2}{3}$ á móti viðkomandi búnaðarsambandi eða annarstaðar að. Auk þessa leggur ríkis- sjóður allt að 2000 kr. fram á ári hverju til verðlauna búunum, eftir því sem nánar verður mælt fyrir í starfsreglum þeirra, er viðurkenndar skulu af Búnaðarfélagi Ís- lands og staðfestar af landbúnaðarráðherra.

Fjárræktarbú þessi skulu uppfylla öll þau skilyrði, er um ræðir í a.—c.-liðum 43. gr., og önnur ákvæði, sem sett kunna að verða.

Ef styrkþegi hættir að reka búíð, hefir Búnaðarfélag Íslands rétt til að ráðstafa kynbótafénu og, í samráði við aðra, er styrkt hafa búíð, að ákveða, hvar búíð starfar áfram. Borga skal búsféð með matsverði óvilhallra, dómkvaddra manna.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1940.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Höfðahóla o. fl.

28

12. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja Höfðahreppi í Húnavatnssýslu þjóðjörðina Höfðahóla og Blönduóshreppi í sömu sýslu þann hluta verzlunarlóðarinnar sunnan Blöndu og neðan þjóðveggar, sem er eign kirkjujarðasjóðs. Námuréttindi í landi Höfðahóla eru undanskilin.

28
12. júní

2. gr.
Um mat til verðákvörðunar skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917, en um greiðsluskilmála eins og venja var til við sölu þjóð- og kirkjujarða, sbr. lög nr. 31 20. október 1905.

3. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

29
12. júní

L Ö G

um heimild til að taka eignarnámi eða leigunámi nýbýlið
Varmahlíð í Skagafirði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að láta taka eignarnámi eða leigunámi jörðina Varmahlíð í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, til afnota fyrir héraðsskóla Skagafirðinga, sem reisa á við Reykjarhól.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnáms eða leigunáms samkv. 1. gr. skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.